



## Umsögn stjórnar Landvarðafélags Íslands við 778. mál 149. löggjafarþings. Umsagnabeiðni nr. 10740 send félaginu 12.04.2019

Landvarðafélag Íslands fagnar því að frumvarp um stofnun sem fer með málefni friðlýstra svæða sé til meðhöndlunar á Alþingi enda kominn tími til að friðlýst svæði séu undir einum hatti. Landvarðafélag Íslands telur þó að verkefni þessara þriggja stofnanna séu ennþá of sundruð í frumvarpinu, en félagið hafði vonast til þess að landvarsla yrði meiri samlegðarverkefni á milli friðlýstra svæða og þjóðgarða. Í þessu frumvarpi er skiptingu milli staða sem þurfa á landvörslu ennþá uppi haldið og eini samlegðargrunnurinn er stoðþjónusta fyrir svæðin. Gott væri ef hugað væri betur að landvörslu í frumvarpinu, meiri sameiningu, meiri samvinnu landvarða og minna flækjustigi. Landvarðafélag Íslands hefur til þessa verið eini vettvangurinn sem landverðir þessara þriggja mismunandi stofnanna hafa haft tækifæri til að kynnast og deila sinni þekkingu. Félagið vonast eftir því að við þessa sameiningu aukist þekkingargrunnur landvarða og möguleiki á fjölbreytni í starfi aukist, sem og samvinna landvarða á mismunandi svæðum verði auðveldari og skipulagðari.

Hér á eftir eru athugasemdir við tiltekna kafla frumvarpsins en Landvarðafélagið sá ekki ástæðu til að setja athugasemdir við alla kaflana:

### Kafli III

Stjórn Landvarðafélagsins telur að nauðsynlegt sé að reyna samræma starfstöðvar landvarða til þess að auðvelda samvinnu þjóðgarða og annarra náttúruverndarsvæða. Því þarf að vanda vel við skipulag og stjórnsýslu þjóðgarðastofnunar. Út frá skipulaginu sem lagt er upp með í þessum kafla er samlegðargrunnur daglegs starfs innan þjóðgarða og náttúruverndarsvæða ekki nægjanlegur. Það virðist sem að hver skipulagsheild haldi nánast óbreyttu rekstrarformi sem ýtir ekki undir aukið samstarf skipulagheilda. Samstarf er sérstaklega mikilvægt til að auka þekkingu og áhrif náttúruverndar á Íslandi og gæði landvörslu. Stjórn Landvarðafélagsins gerir sérstaka athugasemd við tvær greinar.

### 15. gr.

Náttúruverndarsvæði utan þjóðgarða þurfa skýrari ramma og hlutverk til að hægt sé að tryggja stöðu þeirra innan þjóðgarðastofnunarinnar. Rammi þjóðgarðana er mjög skýr en rammi annarra náttúruverndarsvæða ekki nægjanlega skýr þó svo að í þessari grein komi fram að hægt sé að setja stjórn.

### 16. gr.

Til að sameina og samrýma starfsemi landvarða verður að vinna að því að samrýma stjórnsýslu starfstöðvanna. Það að hafa sér Þingvallanefnd tekur Þingvallabjóðgarðinn út úr heildinni sem þjóðgarðstofnun á að mynda utan um þjóðgarða og náttúruverndarsvæði. Þetta eykur flækjustig stjórnsýslu Þingvallabjóðgarðs og getur því haft neikvæð áhrif á daglega starfsemi þjóðgarðsins. Stjórn Landvarðafélagsins lýsir því yfir efasemdum um tilgang þessar nefndar.

### Kafli IV

Eins og fram kemur hér að ofan þá telur stjórn Landvarðafélagsins að nauðsynlegt sé að einfalda og samrýma skipulagheildir þjóðgarðar og náttúruverndarsvæða. Fram kemur í 27. gr. að málsmeðferð stjórnunar- og verndaráætlunar þjóðgarða er mismunandi eftir þjóðgörðum allt ósamræmi í stjórnsýslu þjóðgarðastofnunar.

eykur á sundrung skipulagsheilda Þjóðgarðastofnana. Stjórn Landvarðafélagsins vill komu tvennu á framfæri varðandi málsmeðferðina.

1. Við leggjum til að reynt verði að leitast eftir því að hafa málsmeðferðina í sem mestu samræmi á milli svæða.
2. Við leggjum til að aðkoma landvarða að gerð stjórnunar- og verndunaráætlunar verði meiri.

## Kafli VI

32. gr.

Atvinnustefna og samningar við þjónustuaðila. Mikilvægt er að slíkir samningar verði til þess að fyrirtæki sem stunda sína starfssemi innan þjóðgarðs beri ábyrgð á að kynna sér umhverfissvæn vinnubrögð og taki þátt í náttúruvernd og séu með stefnu í þeim málum. Þjóðgarðastofnun þarf að hafa vald til að sjá til þess.

33. gr.

Leyfisveitingar. Setja þarf skýra stefnu og reglur varðandi kvikmyndaleyfi innan þjóðgarða og náttúruverndarsvæða. Taka þarf fram hvaða svæði eru ekki notuð í slíkum tilgangi og ganga úr skugga um að eftirliti þjóðgarðastofnunar sé í samræmi við umfang verkefnisins.

34. gr.

Meginstarfsstöðvar og þjónustustöðvar. Allar upptaldar stöðvar eru nú þegar mikilvægur hluti af upplýsinga- og fræðsluneti þjóðgarða og náttúruverndarsvæða á Íslandi. Hinsvegar sárvantar enn svokallaða hlið að landinu og stoppistöð áður en haldið er lengra og slík stöð verður ávallt að vera utan eða í jaðri náttúruverndarsvæða. Svo er það ferðamannastraumurinn sem liggur beina leið frá Keflavík í gegnum Reykjavík og dreifist þaðan á upptaldar á meginstarfsstöðvar. Gríðarlega mikilvægt er því að auka fræðslu og kynningu á þjóðgördum og náttúruverndarsvæðum á höfuðborgarsvæðinu með aðstöðu til að taka á móti erlendum ferðamönnum, skólahópum á öllum stigum, halda fundi, kynningar, námskeið og sinna fræðslu. Þetta má framkvæma í samstarfi við Ferðamálastofu og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

## Kafli VII

35. gr.

Eftirlit. Með fyrstu setningunni er verið að setja Þjóðgarðastofnun löggæsluvald, lögregla sér um það. Í næstu setningu má greina það að einungis Þjóðgarðsverðir sjá um eftirlit á sínu svæði, en í raun fela þeir landvörðum það og þá oft einnig samskiptin við aðra aðila. Nefnt er að Þjóðgarðsverði er heimilt að loka þjóðgarði eða einstökum svæðum, þetta er ákvæði sem þarf að hafa inni, en spurning er hvort hafa verði varnagla á þessu og að stjórn eða umdæmisráð beri að funda innan 48 tíma þar sem lokunin er staðfest eða henni hnekk.

Eftirfarandi setning gerir það að verkum að ýmis ákvæði, mismunandi eins og þau eru mörg, um þetta atriði munu birtast í ýmsum stjórnunar- og verndaráætlunum og geta landverðir og aðrir starfsmenn ekki gengið að því vissu að sama gildi allstaðar. Þetta stækkar og flækir einnig skjal sem er oft flókið og of ítarlegt. „Í stjórnunar- og verndaráætlun skal útfæra nánar almenn skilyrði og umfang slíkra framkvæmda sem til kynni að koma, svo sem um merkingar og stikun, afnám vega og aðrar framkvæmdir sem ráðast þarf í þegar náttúruvá eða aðrar óvæntar aðstæður eru ekki lengur fyrir hendi.“

Fyrir hönd Landvarðafélags Íslands  
og stjórnar Landvarðafélags Íslands

---

Anna Þorsteinsdóttir